

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 159/2011**

2012/EES/15/36

frá 2. desember 2011

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2011 frá 30. september 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 88/2011 frá 2. febrúar 2011 um framkvæmd á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 452/2008 um gerð og þróun hagskýrslna um menntun og símenntun að því er varðar hagskýrslur um menntun og starfsmenntakerfi ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18wa (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 823/2010) í XXI. viðauka við samninginn:

„18wb. **32011 R 0088**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 88/2011 frá 2. febrúar 2011 um framkvæmd á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 452/2008 um gerð og þróun hagskýrslna um menntun og símenntun að því er varðar hagskýrslur um menntun og starfsmenntakerfi (Stjtið. ESB L 29, 3.2.2011, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 88/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 318, 1.12.2011, bls. 50, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 65, 1.12.2011, bls. 24.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 29, 3.2.2011, bls. 5.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.